



7. BEKKUR

VETURINN 2009- 2010

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Nú er vetrarstarfið hafið og fer það vel af stað. Við leggjum áherslu á og teljum mikilvægt að nemendum líði vel í skólanum, að samskipti og námsumhverfi sé gott. Til þess að það geti orðið þarf að brýna fyrir nemendum að vera stundvísir, sýna góða hegðun og vinnusemi bæði í skólanum og heima. Við viljum hvetja alla foreldra og forráðamenn til þess að hjálpa okkur að skapa þessar aðstæður og biðjum ykkur að fylgjast vel með námi barnanna og aðstoða þau eftir föngum. Miklu máli skiptir að gott samstarf sé milli heimilis og skóla. Mikilvægt er að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni, læri að skipuleggja vinnu sína og bera ábyrgð á henni. Í því sambandi er vert að benda á að ætlast er til að nemendur afli sér upplýsinga um heimanám þá daga sem þeir eru frá vegna veikinda eða annars. Mikilvægt er að nemendur stundi námið samviskusamlega.

Skólinn er enn að innleiða SMT skólafærni. Markmiðið er að breyta óæskilegri hegðun nemenda með jákvæðri hvatningu.

Að lokum viljum við benda foreldrum á að hafa samband við undirritaðar ef einhverjar spurningar vakna og allar ábendingar eru vel þegnar.

Bestu kveðjur

Hallfríður Hilmarsdóttir haddy@akmennt.is

Hrönn Bessadóttir hronnbessa@akmennt.is

Íslenska

Bókmenntir/lestur og ljóð

Helstu áherslur: Í lestri verður aðaláherslan lögð á að bæta lesskilning og leshraða auk þess sem nemendur verða markvisst æfðir í framsögn. Nemendur koma til með að kynnst mismunandi bókmenntatextum. Í ljóðum verður unnið með stuðla, höfuðstafi, persónugervingu og líkingar. Auk þess verður farið í bragfræði og ólík ljóðform (hefðbundið og óhefðbundið).

Kennsluhættir: Nemendur lesa sögur og vinna verkefni sem tengjast þeim. Nemendur lesa upphátt mismunandi texta og læra valin ljóð. Gagnvirkur lestur. Unnið verður með heildstætt námsefni þar sem tekið er á lesskilningi, lestri, málfræði, ritun og orðskýringum.

Námsefni: *Grænkápa, Ljóðspor*, ljóðahefti frá kennurum, *Ilmur* ásamt vinnubók til heimanáms, *Skrúdda*. Ýmiss konar textar.

Uppákomur og heimsóknir: Stóra upplestrarkeppnin sem hefst 16. nóvember á Degi íslenskrar tungu.

Heimanám: Sögur lesnar heima. Unnið í vinnubók ef með þarf.

Námsmat: Próf og kannanir gilda 60%, vinnueinkunn (vinnubók, verkefni, heimavinna og vinnusemi í tímum) 40%.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku.

Málfræði

Helstu áherslur: Nemendur þekki nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, persónufornöfn, spurnarfornöfn og töluorð. Þeir þekki persónur, tölu og tíð sagnorða, auk viðeigandi skammstafana. Fjallað verður um orðtök og málshætti.

Kennsluhættir: Í málfræði verða ný atriði lögð inn og nemendur áfram þjálfaðir í atriðum sem þeir hafa lært áður. Nemendur vinna verkefni í vinnubókum ásamt ýmsum öðrum verkefnum. Gagnvirkur lestur. Unnið verður með heildstætt námsefni þar sem tekið er á lesskilningi, lestri, málfræði, ritun og orðskýringum.

Námsefni: *Upprifjunarhefti, Málrækt 3, Skrudda* grunnbók og vinnubækur.

Uppákomur og heimsóknir: Blaðamaður kemur og kynnir starf sitt í tengslum við dagblaðaverkefni. Í því verkefni fá nemendur Morgunblaðið daglega í eina viku og vinna ýmis verkefni tengd því.

Heimanám: Nemendur ljúka við verkefni og vinna í vinnubókum.

Námsmat: Próf og kannanir 60%, vinnueinkunn 40%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Stafsetning/ritun

Helstu áherslur: Í ritun verður lögð áhersla á sögugerð og ritgerðasmíð. Unnið verður með útlit, frágang og uppsetningu ritgerða þ.e. með hugtökin upphaf, meginmál og lokaorð í frásögn, heimildarskráningu og gæsalappir. Í stafsetningu verða nemendur áfram þjálfaðir í stafsetningarreglum. Lögð verður áhersla á setningu, málsgreinar og efnisgreinar, greinarmerki, einhljóða og tvíhljóða, skammstafanir, reglur um ey, y og ý, greini nafnorða, þekki stofn orða og geti nýtt þá þekkingu við stafsetningu. Í skrift og öllum verkefnum eiga nemendur alltaf að tengja stafina. Lögð er áhersla á vandvirkni og góðan frágang. Nemendur þjálfist í að skrifa með góðum penna.

Kennsluhættir: Í stafsetningu verða æfingar skrifaðar beint upp úr bókum til að þjálfar nemendur í að skrifa réttan texta. Stuttar upplestraræfingar verða líka notaðar öðru hvoru og unnið með texta sem nemendur semja sjálfir. Í ritun verða stutt ritunarverkefni og auk þess unnar þrjár ritgerðir, bókmenntaritgerð, heimildaritgerð og ritgerð um Reykjaferð. Nemendur skrifa í skriftarbækur. Gagnvirkur lestur. Unnið verður með heildstætt námsefni þar sem tekið er á lesskilningi, lestri, málfræði, ritun og orðskýringum.

Námsefni: *Mál er miðill* (grunnbók og verkefnabók), ljósrituð verkefni og *Réttritunarorðabók. Skrift 7A* (efni frá Síðuskóla) og annað efni.

Heimanám: Nemendur ljúka við verkefni og vinna í vinnubókum. Þegar ritgerðir eru unnar þurfa nemendur að vinna hluta þeirrar vinnu heima.

Námsmat: Próf og kannanir 50%, vinnueinkunn 50%.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku.

Stærðfræði

Helstu áherslur: Rifjaðar verða upp grunnreikniáðgerðirnar; samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Nánar verður unnið með almenn brot, neikvæðar tölur, horn, speglun, hnitakerfið, jöfnur og ójöfnur. Einnig verður unnið með skiptingu í liði (röð reikningsaðgerða) og nemendur þjálfast í notkun vasareiknis. Í mælingum verður unnið með flatarmál, ummál og rúmmál hyrninga og þrívidd.

Nemendur munu læra grunnatriði tölfræðinnar og fá aukna þjálfun í þrautalausnum.

Kennsluhættir: Nemendum verður skipt í hópa sem vinna verkefni eftir þörfum hvers og eins. Ýmist leggur kennari inn ný atriði á töflu eða kennir þau í hópunum. Ætlast er til að nemendur sýni aðferð við lausn allra dæma nema annað sé tekið fram. Með því sýna þeir hvernig þeir hugsuðu lausn sína. Einnig verða nemendur þjálfaðir í vinnu við þrautalausnir. Kannanir verða lagðar fyrir reglulega.

Námsefni: *Upprifjunarhefti, Geisli 3, vinnubók 3A og 3B, þemahefti, stjórnubækurnar og önnur verkefni eftir því sem þurfa þykir.*

Uppákomur og heimsóknir: Dagur stærðfræðinnar.

Heimanám: Nemendur reikna heima og þar er lögð áhersla á góða uppsetningu og frágang.

Námsmat: Allur frágangur verður metinn svo og uppsetning dæma. Próf og kannanir 60%, vinnueinkunn 40%.

Kennslustundafjöldi: 5 stundir á viku.

Erlend tungumál

Danska

7.bekkur

Helstu áherslur: Nemendur læri að tjá sig um athafnir sínar og daglegt líf og fái þjálfun í að hlusta á og skilja einfalt talað og ritað mál. Lögð verður áhersla á að nemendur tjái sig munnlega og geti skrifað einfaldar setningar.

Kennsluhættir: Kennd verður les- og vinnubókin *Klar parat*. Textar verða lesnir, verkefni unnin úr þeim og glósuð ný orð. Einnig er unnið með texta á annan hátt, meðal annars með því að svara spurningum úr þeim, vinna hlustunaræfingar, málfræðiæfingar eða samtalsæfingar. Í námsefni 7. bekkjar er hlustun veigamikill þáttur. Þeir nemendur sem óska þess fá geisladiska með hlustunarefni til þess að æfa hlustun heima. Nemendur lesa smásögur sjálfstætt sem þeir taka könnun úr.

Námsefni: *Klar parat*, (lesbók, vinnubók, glósubók og geisladiskar), smásögur, dönsk kvikmynd og verkefnablöð frá kennurum. Gott er að nemendur hafi aðgang að orðabók.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur tungumála er 26. september, og mun 25. september verða einhvers konar uppákoma til að vekja athygli á erlendum tungumálum.

Heimanám: Nemendur lesa texta heim til að æfa framburð. Nemendur eiga reglulega að vinna verkefni heima s.s. lesa, glósa, svara spurningum og skrifa texta. Einnig lesa þeir smásögur heima.

Námsmat: Próf og kannanir 60%, vinnueinkunn 40%.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku.

Kennarar: Sonja Dagsdóttir 7.B og Guðfinna Sverrisdóttir 7. B.

Enska

Helstu áherslur: Nemendur ná helstu grunnatriðum enskrar málfræði og tileinki sér ákveðinn orðaforða sem gerir þá færa um að tjá sig um athafnir sínar og daglegt líf, bæði munnlega og skriflega. Þessi atriði eru þjálfuð með æfingum í les- og vinnubók, auk efnis frá kennara. Mikilvægt er að nemendur temji sér að glósa, bæði í tímum og heima, þess vegna er nauðsynlegt að þeir hafi aðgang að orðabók.

Kennsluhættir: Í upphafi hvers kafla er farið yfir ný orð og málfræðiatríði sem síðan er unnið með bæði í rituðu og töluðu máli. Kennslan byggir að töluverðu leyti á hlustun og mikið lagt upp úr að nemendur skilji bæði talað mál og ritað. Nemendur lesa léttar lestrarbækur á ensku.

Námsefni: *Build up 2, leshefti og léttar lestrarbækur, enskar málfræðiaefingar B og C, óreglulegar sagnir (ljósrit), stílar, myndbönd/DVD, tónlist (lög ásamt eyðufyllingarverkefnum) og annað efni frá kennara eftir því sem tími vinnst til.*

Heimanám: Nemendur þurfa oft að ljúka við verkefni sem byrjað hefur verið á í tímum. Einnig þurfa nemendur að leysa verkefni í vinnubók, lesa léttar texta, skrifa stutta stíla á ensku og læra utanbókar óreglulegar sagnir.

Námsmat: Próf og kannanir 60%, vinnueinkunn 40%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Björk Jónsdóttir og Hrönn Bessadóttir

Samfélagsgreinar

Landafræði

Helstu áherslur: Farið verður í almenn atriði eins og hnattstöðu, dag og nótt, árstíðir og tímatal. Fjallað almennt um Evrópu s.s. veðurfar, gróðurfar, landslag, lífskjör, atvinnuhætti, landshætti, auðlindir, gróðurbelti, dýralíf, þéttbýli, dreifbýli, orku, samgöngur, tungumál og trúarbrögð. Unnið verður sérstaklega með nokkur lönd álfunnar. Einnig læra nemendur að nota landakort til að afla sér upplýsinga.

Kennsluhættir: Rætt verður um efnið í tímum, gagnvirkur lestur notaður, kort og verkefni unnin. Nemendur merkja inn á kort öll lönd og höfuðborgir Evrópu, fjallgarða, ár, höf og vötn. Verkefnunum safnað saman í möppu. Þegar þessum hluta er lokið verður hópvinna þar sem 3-5 manna hópar vinna hver með sitt land. Nemendur afla sér vitneskju um viðkomandi land; almennar staðreyndir um landið, leita fréttar af landinu í fjölmiðlum, tengsl landsins við Ísland og fleira sem þeir láta sér detta í hug. Verkefnið er unnið í Power Point í samvinnu við tölvukennarann og er verkefnunum skilað í formi fyrirlestra, veggspjalda, vörukynninga og ljóðaflutnings.

Námsefni: *Evrópa álfan okkar* og vinnubók. Kortabækur og landakort.

Heimanám: Nemendur lesa heima fyrir tíma og vinna í vinnubók ef þarf.

Námsmat: Kannanir og próf 30%, Power point verkefni 30% og vinnubók og vinnusemi 40%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku

Saga

Helstu áherslur: Í sögu verður fjallað um sögu íslensku þjóðarinnar frá 1262 - 1800. Fjallað er um stöðu Íslands og tengsl við önnur lönd. Sagan er í bland mannkynssaga og Íslandssaga.

Kennsluhættir: Kennari fer yfir námsefnið og nemendur vinna síðan verkefni í vinnubók auk annarra verkefna sem tengjast námsefninu. Námsefnið er tengt landafræði eins og hægt er og landakort skoðuð til að tengja Ísland við þau Evrópulönd sem skipta máli í þessu sambandi.

Námsefni: *Ein grjóthrúga í hafinu* ásamt verkefnum.

Heimanám: Nemendur lesa heima fyrir tíma og klára verkefni í vinnubók ef á þarf að halda.

Námsmat: Kannanir og próf 60% vinnueinkunn 40%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku

Kristinfræði, siðfræði, trúarbragðafræði

Helstu áherslur: Markmiðið er að nemendur kynnist völdum þáttum búddadóms, íslams, hindúa og gyðingdóms. Farið er í helstu tákni, helgirit, helgistaði, hátíðir og siði. Rætt verður um kjör barna, siðbótina og Marteín Lúther. Á aðventunni verður jólaboðskapurinn rifjaður upp og fyrir páskana verður farið í síðustu daga Jesú.

Kennsluhættir: Nemendur vinna einstaklingslega eða saman í hópum. Vinnan verður ýmist sett fram skriflega eða myndrænt.

Námsefni: Trúarbrögð mannkyns(bókaflokkur), myndbönd og *Upprisan og lífið*.

Heimanám: Eftir þörfum.

Námsmat: Um er að ræða símat. Kennari metur vinnu hópanna og einstaklinganna bæði meðan á vinnunni stendur og afrakstur hennar gildir 70%. Í lokin verða lögð mismunandi próf fyrir hópana sem gilda 30%.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku.

Náttúrufræði

Lífvisindi

Helstu áherslur: Nemendur læri um manninn sem lífveru, einstök líffæri hans og starfsemi þeirra. Fjallað er um hvernig mismunandi líkamshlutar starfa saman og þær breytingar sem verða á líkamanum þegar fólk þroskast og eldist.

Kennsluhættir: Farið er yfir námsefnið í tíma og unnið í vinnubók. Sýnd verða myndbönd og líkөн skoðuð þar sem það á við. Spiluð samvinnuspil sem tengjast efninu hverju sinni. Hugtakakort unnin.

Námsefni: *Líkami mannsins*, lesbók og vinnubók.

Heimanám: Nemendur lesa heima fyrir tíma og vinna í vinnubók ef þarf.

Námsmat: Próf og kannanir 60%, vinnueinkunn 40%.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku

Eðlis-og jarðvisindi

Helstu áherslur: Kynnt verða vísindaleg vinnubrögð auk þess sem fjallað verður um byggingareiningar alheimsins þ.e.a.s. frumeindir og sameindir. Hugtökin rúmmál, massi og eðlismassi verða skoðuð sérstaklega. Hugtökin varmi, fasaskipti, hitaþensla og leysni verða einnig skoðuð auk þess sem fjallað verður um orku og orkunotkun í tengslum við heimilin og umhverfi nemenda.

Kennsluhættir: Kennari fer yfir námsefnið með bekknum og útskýrir vel ný hugtök. Valin verkefni úr bókinni unnin, hugtakakort og tilraunir gerðar. Áhersla er lögð á að nemendur geri skýrslu um hverja tilraun. Nemendur safna verkefnum sínum og skýrslum saman í möppu.

Námsefni: *Auðvitað 3*.

Heimanám: Nemendur lesa heima fyrir tíma og gera athuganir. Ætlast er til að foreldrar aðstoði nemendur þegar þeir gera athuganir heima. Nemendur vinna önnur verkefni heima eftir þörfum.

Námsmat: Próf og kannanir 50% og vinnueinkunn 50%.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku

Lífsleikni

Helstu áherslur: Unnið verður með samskipti, vináttu, sjálfsmynd, vímuefnavarnir og fleira. Í tengslum við það verður áhersla lögð á að nemendur þjálfist í að vege og meta ólíka hluti með gagnrýnu hugarfari. Einnig verður lögð áhersla á mikilvægi tillitsemi og kurteisi í samskiptum við aðra þ.e. að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að virða reglur í mannlegum samskiptum, bæði skráðar og óskráðar. Áhersla lögð á að bæta námstækni nemenda. Einnig verður umferðar- og jafnréttisfræðsla.

Kennsluhættir: Kennslustundir byggjast að mestu upp á umræðum þar sem reynt er að fá sem flestar

hliðar á þeim málum sem til umræðu eru hverju sinni. Bekkjarsfundir eru m.a. notaðir sem umræðugrundvöllur.

Námsefni: *Ertu?* Vinnubók í lífsleikni

Námsmat: Lífsleiknin er hluti af námsmati fyrir heimavinnu, hegðun og vinnubrögð.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku.

Kennarar: Umsjónarkennari, námsráðgjafi.

Listgreinar

Dans

Aðaláherslur: Að nemendur efli eigin hreyfigetu, þekki og skynji hreyfimyndur hópa svo sem raðir, hringi, skálinur og að fylgja öðrum. Nemendur læri einföldustu grunnspor í samkvæmisdönsum og gömlu dönsunum. Þeir læri að skynja hrynjanda í tónlist og læri að láta hreyfingu fylgja takti og nái samhæfingu handa og fóta. Áhersla er lögð á að nemendur þekki og nýti sér almennar kurteisisvenjur í samskiptum þ.e.a.s. bjóða upp í dans, vinna í hópi, taka tillit til annarra og sýna gagnkvæma virðingu.

Kennsluhættir: Sýnikennsla fer fram í öllum tímum þar sem kennari sýnir nemendum spor og dansa .

Dansar: Jive (frumspor, hægri og vinstri snúningur dömu og skipta um hönd fyrir aftan bak), samba (frumspor m/sláttaskiptingu, wisk, merenge lotu, Cha cha (frumspor, ny, spot turn, hand to hand og 3 chas), Enskur vals (skiptispor dansað í hring) Zorba og Quando

Leikir: Ásadans og töludans.

Uppákomur og heimsóknir: Foreldrum er boðið að koma í heimsókn og horfa á í lok vorannar

Kennslustundafjöldi á viku: 1 stund á viku.

Námsmat: Símat þar sem frammistaða nemenda er metin eftir áhuga og getu og einkunn gefin við annaskipti.

Kennari: Jóhanna Elín Halldórsdóttir.

Myndmennt

Helstu áherslur: Þroska og þjálfna nemendur svo að þeir verði færir um að móta eigin hugmyndir í ýmsan efnivið. Efla hugmyndaflug og sköpunarhæfileika þeirra. Gefa nemendum kost á að njóta myndlistar og skoða myndmál í umhverfinu. Þjálfna frumhugtök myndlistar og gefa nemendum innsýn í listasöguna. Þjálfna nemendur í að lýsa eigin myndverkum og taka gagnrýni á eigin verk. Þjálfna nemendur í að færa rök fyrir eigin gagnrýni.

Kennsluhættir: Verk- og sýnikennsla í myndmenntastofu.

Verkefni: Umhverfisteikning, teiknaður hlutur eftir fyrirmynd, gerðar klippimyndir og unnið með grafík á ýmsan hátt. Unnið með fjarvídd, sjónarhorn og myndbyggingu á markvissan hátt. Nemendur kynnist helstu einkennum kúbisma, abstrakt- og súrrealisma og vinna verkefni tengd því. Önnur verkefni unnin í samráði við kennara og taka mið af áhuga og getu nemenda.

Námsefni: *Myndmennt I og II*, bækur af bókasafni, netið, efni frá kennara og fleira.

Uppákomur og heimsóknir: Heimsókn á Listasafnið.

Námsmat: Hvert verkefni er metið fyrir sig og gilda þau 60% af einkunn. Umgengni, vinnusemi og hegðun og gilda 40%.

Kennslustundir: 2 stundir á viku.

Kennari: Guðný. Lára Gunnarsdóttir

Tónmennt/tjáning

Helstu áherslur: Unnið verður verkefni tengt kvikmyndinni *Forrest Gump*. Nemendur fá þjálfun í framkomu og tjáningu með og án orða.

Kennsluhættir: Hver kennslustund byggist að miklu leyti upp á söng, hreyfingu, hlustun, áhorfi og lestri. Nemendur vinna bæði í hópum og einstaklingslega.

Námsefni: Alls kyns tónlist (ævintýri, klassík, dægurlög, o.s.frv.), verkefni frá kennara, myndbandsspólur og annað tilfallandi efni.

Uppákomur og heimsóknir: Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, árshátíð.

Námsmat: Fléttast saman við námsmat í íslensku og lífsleikni.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku.

Textílmennt

Helstu áherslur: Lögð er áhersla á að nemendur geti þrætt, spólað og stillt saumavélina á þá sporgerð sem nota þarf hverju sinni og nemendur sýni vönduð og sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu og góða umgengni.

Kennsluhættir: Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla og verklegar æfingar.

Verkefni: Þrjóna og þráðavinna búin til vinabönd. Nemendur fá að velja sér sjálf verkefni sem henta hverjum og einum. Farið verður í pappírsgerð og fjallað verður um vinnslu og eiginleika ýmissa textílefna

Námsmat: Öll vinna nemenda í kennslustundum er metin sérstaklega. Vægi verkefna er 60% á mótí 40 % þar sem gefið er fyrir umgengni, vinnu og hegðun.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku einn þriðja úr vetri.

Kennari: Guðfinna Sverrisdóttir

Íþróttir-líkams og heilsurækt

Skólaíþróttir

Helstu áherslur: Að nemendur sýni góða umgengni, hreinlæti og kurteisi. Auka við styrktaræfingar og þolæfingar ásamt almennum leikfimiæfingum. Nemendur tileinki sér reglur boltaíþróttanna og frjálsra íþróttanna. Efla þol, fimi, þrek og kraft. Stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþrótt- og hreyfinám hefur góð áhrif á líkamlega heilsu, jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan og styrkir sjálfsmynd og vellíðan.

Kennsluhættir: Sýnikennsla þar sem kennari sýnir, kennir nemendum æfingar og leiki og fær nemendur til að sýna. Nemendur vinna mikið í hópum, en þó einnig með einstaklingsæfingar sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð. Meðal þess sem farið verður í eru hreyfileikir ýmiskonar, boltaleikir, hringþjálfun, stöðvápþjálfun, fimleikar, frjálsar íþróttir, styrktaræfingar, jafnvægisæfingar, knattspyrna, körfuknattleikur, handknattleikur, bandý, blak, borðtennis, hnit.

Ath! Ef nemandi getur einhverra hluta vegna ekki tekið þátt í íþróttatíma eða farið í sturtu er viðkomandi vinsamlegast beðinn um að hafa meðferðis miða um það að heiman.

Námsmat: Virkni í tímum, áhugi og ástundun gildir 50%, félagsfærni/samskipti og hegðun 20% og færni 30%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennarar: Hansína Gunnarsdóttir og Rainer Jessen.

Skólasund

Helstu áherslur: Að nemendum líði vel í skólasundi og upplifi námsgreinina sem jákvæða og skemmtilega. Að auka hæfni nemenda til að ná valdi á færniþáttum ólíkra sundaðferða. Að nemendur nái valdi á 7. stigi við lok skólaárs. Með tilliti til þroska taugakerfis eru nemendur á þessum aldri mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi auk þess sem námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill.

Kennsluhættir: Leiðbeiningar, sýnikennsla og skýringar bæði af bakka og ofan í laug. Nemendur vinna bæði sjálfstætt og í hópum. Æskilegt er að nemendur mæti með sundgleraugu í skólasundið og í skólasundi er óheimilt að nota stuttbuxur(strandbuxur), aðeins er leyfður hefðbundinn sundfatnaður(sundskýlur og sundbolir).

Námsefni: Bringusund, skólabaksund, bakskríðsund, flugsund, kafund, stungur, björgunarsund, leysitök, fatasund, leikir, boltaleikir, eltingaleikir, boðsundsleikir, blak, handbolti, rugby, dýnu- og brettaboðsund.

Námsmat: Nemendur taka tvö stöðupróf á vetrinum og svo lokapróf í 7. sundstigi að vori. Færni í prófum gildir 30%, en virkni, áhugi og ástundun 50%. Samskipti/félagsfærni og hegðun 20%.

7. sundstig.

- 25 m. bringusund (stílsund)
- 25 m. skólabaksund (stílsund)
- 25 m. baksund (stílsund)
- 8 m. kafsund (stílsund)
- 50 m. bringusund á tíma (tímalágmark 74 sek.)
- 25 m. skriðsund á tíma (tímalágmark 32 sek.)
- 300 m. bringusund synt á innan við 10 mín.
- 15 m. björgunarsund með jafningja (skólabaksundsfótatök)

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku.

Kennarar: Páll Gíslason.

Heimilisfræði

Aðaláherslur: Lögð er áhersla á gildi holls mataræðis og hreyfingar. Nemendur læri að nota helstu eldhústæki, mælitæki (desilítramál, mæliskeiðar og vigt), matreiði einfalda heita rétti, hnoði, hræri, þeyti deig, búi til gerdeig og leggi á borð. Fjallað verður um hreinlæti og nauðsyn þess við alla matreiðslu. Nemendur þjálfast í að fara eftir skriflegum fyrirmælum.

Verkefni: Gúllassúpa, gerdeigsbaka, pastaréttir, fiskréttir, pylsuspjót, ostakartöflur, múslíbollur, horn, rúgskonsur, skólakex, rúlluterta, kryddkaka, dropasmákökur, smábrauð.

Kennsluhættir: Nemendur vinna eftir munnlegum og skriflegum fyrirmælum.

Námsgögn: *Gott og gagnlegt*, námsefni fyrir 7. bekk.

Námsmat: Í lok tímabilsins er verklegt próf sem gildir 25% og skriflegt próf sem gildir 25%.

Frammistaða og hegðun er metin í lok hvers tíma og gildir það 50%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Arnfríður Jóhannsdóttir

Upplýsinga- og tæknimennt

Hönnun og smíði

Helstu áherslur: Í upphafi annar hanna nemendur lyklahús og í framhaldi af því verður farið í málmsmíði og lítið verkefni tekið fyrir. Nemendum verður kennt á trérennibekk þannig að þeir geti rennt milli enda og um leið rennt stand undir eldhúsrúllu. Nemendur vinna, fjórir til fimm saman, að því að smíða flugdreka og verða þeir prófaðir við góð veðurskilyrði. Nemendur eiga að halda saman öllum gögnum yfir þróun og útfærslu sinna hugmynda að verkefnum í sýnismöppu. Lagt er að nemendum að þeir gangi vel um í smíðastofunni og að þeir gæti fyllsta öryggis við sín störf.

Kennsluhættir: Algengast er þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuáferð er tekin fyrir þá sé sýnikennsla notuð. Verkleg æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfna nemendur í að beita verkfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn og aðstoð eftir þörfum.

Verkefni: Lyklahús, eldhúsrúllustandur, hringur og flugdreki. Önnur verkefni eru í samráði við kennara og taka mið af áhuga og getu nemenda.

Námsmat: Símat þar sem lagt er mat á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni, iðni og afköst. Þessir þættir gilda 40% á móti verkefnum sem gilda 60%.

Kennslustundafjöldi á viku: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Gunnlaugur Jóhannsson.

Upplýsingatækni

Helstu áherslur: Að nemendur læri að umgangast tölvur og öðlist öryggi í vinnu við þær, séu óhræddir við að þreifa sig áfram og auka við eigin þekkingu á tölvutækni. Þeir þurfa að tileinka sér rétta fingrasetningu og auki við hraða í vélritun. Kennnt verður á algeng forrit (þ.e. Word, Powerpoint, Exel og Frontpage) og verkefni unnin samhliða þeim. Einnig er samþætting við aðrar námsgreinar.

Kennsluhættir: Einstaklings-, para- og hópvinna. Kennarinn gengur á milli og aðstoðar eftir þörfum. *Ritfínnur verður notaður til að þjálfa fingrasetningu og hraða.*

Námsefni: *Kennslubækur frá Tölvuskóla Spyrnis.* Efni frá kennara.

Námsmat: Frammistaða og vinna í tímum 20%, vélritun 30% og valin verkefni 50%.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku.

Kennari: Hrönn Bessadóttir

Slóðir

Heimasíða skólans: <http://www.siduskoli.is/>
Fjölskylduvefur Mentor: <http://www.mentor.is>